

# Skólaráð Naustaskóla

10. fundur ársins 2015 þann 17. desember 2015

## Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Rut Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa.

Skólaáhrar niðurstöður prófanna í haust en meðaltöl má að venju nálgast á heimasíðu skólans undir „matsgögn og skýrslur“. Nokkrar umræður um niðurstöðurnar með hliðsjón af meðaltölum síðustu ára. Það er umhugsunarvert mynstur að stærðfræðin virðist yfirleitt koma betur út en íslenskan hjá okkur. Góðu fréttirnar eru endurtekin góð útkoma í 7. bekk og að yfirleitt batna niðurstöður hjá hópum á milli prófa. Helsta niðurstaða umræðunnar að enn betur þurfi að gera í að halda lestri að nemendum og að gæta vel að umgjörð við próftökuna.

### 2. Námsmat

Umræður um fyrirkomulag námsmats. Tilfinning foreldra er sú að vanti á að merkt sé við námsmarkmið jafnóðum yfir skólaárið og/eða að námsmat birtist nægilega snemma til að foreldrar eigi möguleika á að bregðast við og fylgja eftir. Stjórnendur munu ýta eftir því að merkt sé við markmið eftir því sem námi vindur fram.

### 3. Önnur mál.

Gistikvöld/nætur nemenda í skólanum. Umræður um hvort gistingar í skólanum séu yfirhöfuð æskilegar. Skólaráð setur sig ekki upp á móti gistinóttum/vökunóttum að því gefnu að um félagslega æskilega hluti sé að ræða, en leggur til að tímamörk varðandi undirbúning og auglýsingar á viðburðum séu skýrari, þannig þurfi að vera ljóst a.m.k. viku fyrir viðburð hverjir eru ábyrgðaraðilar, að öðrum kosti geti ekki orðið af viðburði.

Skráningar á mætingum nemenda. Ábending um að samræma þurfi skráningar þegar nemendur mæta of seint. Þetta kemur t.d. berlega í ljós þegar systkini í mismunandi námshópum sofa yfir sig, þá er mikill munur á hvernig skráningar verða. Þarf að hnykkja á þessu, einnig rætt um að kynna þetta fyrir nemendum.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 7. janúar kl. 15:00 og verður boðað til hans með dagskrá með viku fyrirvara.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð